

Alþingi  
Erindi nr. P 130/601  
komudagur 11. 12. 2003

Samtök fiskvinnslu án útgerðar  
Kt.660494-2519 ,Hafnarbraut 27, 200 Kópavogi s.5642733

## Umsögn

**Frumvarp til laga um breytingar á lögum nr 38 ,15 maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.  
Mál nr 428.**

### *Umsögn Samtaka fiskvinnslu án útgerðar.*


Stjórn SFÁÚ lýsir sig mótfallna ofangreindu frumvarpi sjávarútvegsráðherra um s.k. línuívilnun,eins og það liggur fyrir.

Efnislegar ástæður þessarrar afstöðu til frumvarpsins eru helstar þessar.:

- Með tilliti til þess hve ríkir atvinnuhagsmunir eru í húfi hlýtur að teljast hæpið að skilmálar um að 16 % línuívilnun skuli einskorðast við fiskiskip sem handbeita línuna í landi fái staðist jafnræðisreglu Stjórnarskrárinnar.
- Svigrúm til þess að auka veiðiheimildir með 16 % ívilnun í kvóta v/ línuveiða virðist að verulegu leiti eiga að sækja með því að fella niður í áföngum s.k. byggðakvóta, sem runnið hefur til viðkomandi hóps fiskiskipa það er krókaafلامarksbáta. Frumvarpið mun því ekki verða til stuðnings þeim sjávarbyggðir sem nú þegar standa höllum fæti.
- Ekki er tekið á vanda s.k. dagabáta í umræddu frumvarpi en þar er um brýnan vanda að ræða sem finna verður lausn á ,ella stefnir í óefni fyrir þeim bátaflokki.

Kópavogi 11. desember 2003

F.h. stjórnar SFÁÚ



Oskar Þór Karlsson



Jón Steinn Elíasson